

130. löggjafarþing 2003-2004.

Þskj. 145 – 145. mál.

**Svar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra
við fyrirspurn um viðbyggingu við Heilbrigðisstofnuna á Selfossi.**

Frá Margréti Frímansdóttur.

Virðulegi forseti.

Háttvirtur 1. þingmaður Suðurlandsdæmis hefur beint til mín fyrirspurn um hvenær vænta megi þess að framkvæmdir við fyrirhugaða stækkun húsnæðis Heilbrigðisstofnunarinnar á Selfossi hefjist.

Til að svara fyrirspurninni vil ég gjarnan rifja upp hvernig undirbúningi verksins hefur verið háttað.

Undirbúningur að hönnun núverandi viðbyggingar hófst fyrir alvöru árið 2000. Þá var búið við að um "allstórt hús" yrði að ræða eða ca. 2000 m² og kostnaður gæti orðið um 360 mkr.

Á gamlársgangi 2001 heimilaði Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir að hafist yrði handa um áætlunargerð vegna viðbyggingar við Sjúkrahúsið. Þá var gert ráð fyrir að húsið yrði á tveimur hæðum, 1100 m² hvor um sig og að verkið myndi kosta 600 til 700 mkr.

Þann 22. maí 2002 samdi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið við Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen um verkefnisstjórn, rýni og ráðgjöf. Fáum dögum áður hafði verið gengið frá samningum við

verkfræðihönnuði en arkitekt hafði unnið að verkinu frá árinu 2000. Hönnun og rýni (lokayfirferð) útboðsgagna lauk í lok júní 2003. Á hönnunartímanum höfðu fulltrúar Framkvæmdasýslu ríkisins að einhverju leyti fylgst með gangi hönnunar og veittu í lokin ráðgjöf um endanlegan frágang sjálfra útboðsgagnanna. Í endanlegri gerð var stærð hússins um 4000 m² og áætlaður heildarkostnaður 1054 mkr, verktakakostnaður þar af um 800 mkr, miðað við verðlag í maí 2003.

Í tillögum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um skiptingu fjárlagaliðs 08-381 í fjárlögum ársins 2004 var lagt til að 100 mkr færu til þessa verks en liðurinn í heild var þá 311,5 mkr. Á fjárlögum árunna 2000 til og með 2003 hafði samtals verið ákveðið að veita 130 mkr til þessa verkefnis, en undirbúningur þess hefur til þessa kostað um 80 mkr.

Þann 30. október óskaði fjármálaráðuneytið eftir umsögn Framkvæmdasýslu ríkisins um áætlunargerð vegna fyrirhugaðra framkvæmda við verkefnið: Heilbrigðisstofnun Suðurlands, viðbygging. Framkvæmdasýslan svarar 7. nóvember og segir að verkið sé tilbúið til útboðs. Reyndar tekur framkvæmdasýslan dýpra í árinna og segir orðrétt með leyfi forseta: “Ástæða er til að vekja athygli á að innsend gögn eru til fyrirmyndar í þessu verki og augljóst er að fagmannlega hefur verið staðið að hönnunarstjórn og verklagsreglum fjármálaráðuneytisins hefur verið samviskusamlega fylgt.”

Þann 16. desember sl. funduðu fulltrúar fjármálaráðuneytisins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um málið. Í framhaldi af

Þeim fundi ákvað heilbrigðisráðherra að leita leiða til að stytta verktíma og flýta verklokum á a.m.k hluta verksins, þ.e. nýrri hjúkrunardeild fyrir aldraða sem koma á í stað Ljósheima á Selfossi.

Viðræður standa yfir milli fjármálaráðuneytisins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um málið en það hefur enn ekki verið til lykta leitt.

Virðulegi forseti.

Ég legg áherslu á að hafist verði handa við þetta verk sem fyrst og að unnt verði að taka húsnæði hjúkrunardeildar í notkun ekki seinna en á árinu 2006. Málið er forgangsmál hjá okkur í heilbrigðisráðuneytinu, ekki síst vegna Ljósheima.

(Talað orð gildir)